

REGLUGERÐ

um barnaverndarnefnd á Reyðarfirði.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar (skólanefndar) Reyðarfjarðar er börnum yngri en 12 ára bannað að vera á almannaferi eftir kl. 20 að kvöldi á tímabilinu 1. október til 1. maí og eftir kl. 22 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd forráðamanna eða fullorðinna er falin hefur verið umsjá þeirra.

Börnum á aldrinum 12—14 ára er óheimilt að vera á almannaferi eftir klukkan 22 að kvöldi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí og eftir kl. 23 á tímabilinu 1. maí til 1. október, nema í fylgd foreldra sinna eða forráðamanna. Foreldrum eða forráðamönnum barnanna ber að viðlagðri ábyrgð að sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

2. gr.

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs eru bannaðar ferðir út í skip, sem liggja við bryggju eða á höfninni, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna.

3. gr.

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum dansstöðum, öldrykkju- og knattborðsstofum. Þeim er og bannaður aðgangur að almennum kaffistofum og kvöldsölum eftir kl. 21, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna.

4. gr.

Ekki má leyfa unglingum innan 14 ára aldurs aðgang að kvikmyndasýningum öðrum en barnasýningum, nema leyfi barnaverndarnefndar (skólanefndar) komi til.

5. gr.

Bannað er að selja unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, gefa þeim það eða stuðla að því, að þeir neyti þess eða hafi það með höndum.

Sama gildir um aðrar munaðarvörur, sem að dómi lækna geta talizt hættulegar börnum.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 39/1947, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 20. marz 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.